

Umhverfismat

Gátlisti fyrir framhalds- og háskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað neysla og hringrásarhagkerfið í upphafi nýs Grænánatímabils.

Miðað er við að nemendur vinni sem mest sjálfstætt. Nemendur geta fundið svör við sumum spurningunum sjálfir en stundum þarf aðstoð frá kennurum eða öðru starfsfólki.

Einnig eru spurningar þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga eða gera litla rannsókn til að mæla ákveðna þætti yfir einhvern tíma.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Dagsetning: _____


Undirskriftir þátttakenda:

Neysla og hringrásarhagkerfið



Hugur þekking

	já	nei	athugasemdir
Fá nemendur fræðslu um framleiðsluferli, frá auðlind að vöru?			
Fá nemendur fræðslu um hringrásarhagkerfið?			
Er fjallað um mikilvægi þess að draga úr neyslu?			
Er unnið með hugtakið neyslu í víðustu mynd, þ.e. milli heimshluta, kynslóða, þjóðfélagshópa o.fl.?			
Fá nemendur og starfsmenn leiðbeiningar um hvernig hægt er að minnka neyslu og úrgang?			
Fá nemendur fræðslu um mikilvægi og tilgang flokkunar?			
Fá nemendur fræðslu um umhverfismerkingar?			
Þekkja nemendur neyslupríhyrninginn?			
Vita nemendur hvað verður um a) það sem sent er í endurvinnslu og b) það sem ekki er sent í endurvinnslu?			
Er fjallað um áhrif framleiðslu og neyslu á auðlindir Jarðar?			
Er fjallað um áhrif framleiðslu og neyslu á samfélög, m.a. hvað varðar mannréttindi, jöfnuð og réttlæti?			



Hjarta skólinn og samfélagið

	já	nei	athugasemdir
Er neysla og hringrásarhagkerfið fléttað inn í einhver málefni kennslunnar? Ef já, í hvaða áfanga/málefni?			
Er fjallað um ríkjandi viðskipta-, framleiðslu- og neysluhætti í heiminum m.t.t. réttlætis?			
Eru notaðar fjölbreyttar og skapandi kennsluaðferðir í fræðslu um neyslu og hringrásarhagkerfið?			
Þekkja nemendur mismunandi gerðir hagkerfa, kosti þeirra og galla?			
Eru nemendur meðvitaðir um tengslin á milli neyslu og hagkerfa?			
Er fjallað um áhrif hnattvæðingar á framleiðslu- og neyslumynstur?			
Eru tölvur og önnur raftæki skólans nýtt þangað til þau verða ónothæf og ekki skipt út áður?			
Eru innréttingar skólans nýttar þangað til þær verða ónothæfar og ekki skipt út áður?			
Ef innréttingum eða raftækjum er skipt út áður en þau verða ónothæf, er þeim gefið framhaldslíf með því að selja þau eða gefa?			
Eru keyptar inn vörur í stórum pakkningum eða umbúðalausar þegar kostur er á?			
Eru keyptar vörur úr heimabyggð/nærumhverfi?			

	já	nei	athugasemdir
Er í mötuneyti boðið upp á a) lífrænt ræktað, b) fair-trade, c) vegan matur?			
Er notaður margnota borðbúnaður (líka við hátíðir og aðra viðburði í skólanum)?			
Koma nemendur með nesti í margnota nestisboxum (ekki einnota plastpokum)?			
Koma nemendur eingöngu með umbúðalaust nesti, s.s. engar fernur, jógúrtdósir o.s.frv.			
Er reynt að takmarka magn hreinsiefna, sápu og annarra hreingerningaefna?			
Eru keyptar umhverfismerktar vörur?			
Eru margnota tuskur notaðar í stað pappírs til þrifa?			
Eru blásarar, handklæði eða klútar notaðir til handþurrkunar (en ekki pappír)?			
Ef notaður er pappír, er hann umhverfisvænn?			
Er almenn stefna í skólanum að takmarka öll innkaup og endurnýta sem mest?			
Er kennsluefni notað rafrænt þegar kostur er (í stað útprintunar)?			
Er reynt að takmarka útprintun eins og hægt er?			
Er passað upp á að hlutir sem keyptir eru til skólans séu vandaðir og endingargóðir?			
Er lögð áhersla á að fara vel með eigur skólans?			
Er markvisst reynt að koma óskilamunum í réttar hendur?			
Er afgangsmatur nýttur í mötuneytinu?			
Er reynt að takmarka eftir fremsta megni úrgang sem sendur er til urðunar?			



Hendur aðgerðir

	já	nei	athugasemdir
Kemur fram í stefnu skólans að hann stuðli að hringrásarhagkerfinu t.d. með minni neyslu og meiri endurnýtingu?			
Er verið að vinna verkefni eða fara í hlutverkaleiki sem tengjast hringrásarhagkerfinu, hagsmunum (og árekstrum þeirra á milli) og hvað þarf að gera til að vörur séu hannaðar til að endast og endurvinnast?			
Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við neyslu og hringrásarhagkerfið?			
Er markvisst unnið að því að minnka matarsóun í skólanum?			
Er haldinn fatamarkaður þar sem nemendur geta skipst á fötum eða óskilafatnaði er komið aftur í umferð (t.d. seldur til fjáröflunar)?			
Eruð þið í skólanum að upplýsa og fræða aðra um neyslu og hringrásahagkerfið?			
Eruð þið í skólanum að reyna að hafa áhrif á aðra, t.d. með því að senda bréf til fyrirtækja, funda með sveitarstjórn, gera athugasemdir, skrifa greinar, vera með viðburð o.fl.?			
Finnið þið að þið getið haft áhrif á það hvernig skólinn getur stuðlað að minni neyslu og aukið hringrásarferla?			

Til umræðu:

- Hverjar eru raunverulegar þarfir okkar?
- Þurfum við allan þennan mat, föt, hluti?
- Hvaðan kemur þetta allt?
- Er þetta framleitt á Íslandi eða annars staðar?
- Hvað verður um það sem við erum hætt að nota?
- Getum við minnkað neyslu okkar?
- Eru hlutir hannaðir þannig í dag að þeir endist?
- Eru hlutir hannaðir þannig í dag að þeir fari auðveldlega í endurvinnslu?
- Við þurfum að endurhugsa framtíðina með tilliti til framleiðslu. En hvernig ætlum við að gera það?
- Getum við haft endalausán hagvöxt á Jörðinni þar sem náttúrulegar auðlindir eru takmarkaðar?
- Skoðið þróun hnattvæðingar í heiminum og ræðið áhrif þess á ójöfnuð og óréttlæti.
- Hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til þess að stuðla að hringrásarhagkerfi?

Markmið og aðgerðir innan þemans neysla og hringrásarhagkerfið